



Oddeyrarskóli Tengja

Desember
4. tbl.
skólaárið

Gleðilegt nýtt ár !

Hér kemur síðbúin desembertengja. Við óskum nemendum og fjölskyldum þeirra gleðilegs nýs árs 2015! Um leið þökkum við innilega samveru liðinna ára. Við göngum inn í nýtt ár með bros á vör. Nú hefst markviss undirbúningur fyrir árshátíð sem verður **laugardaginn 24. janúar**. Bekkir eru að ljúka við að velja atriði og ráðinn hefur verið leikstjóri til að leikstýra 10. bekk. Foreldrafélagið greiðir fyrir leikstjórnina að vanda.



Myndir frá kaffihúsadegi og hæfileikakeppni í desember



Á döfinni

14. janúar:

Skólaráðsfundur kl. 10

19.—22. janúar:

Æfingar á sal.

23. janúar:

Árshátíðarsýningar fyrir nemendur.

24. janúar:

Árshátíð Oddeyrarskóla.



Niðurstöður samræmdra könnunarprófa



Niðurstöður samræmdra könnunarprófa voru birtar í nóvember. Hafa ber í huga að í Oddeyrarskóla eru litlir árgangar og því hefur hver nemandi talsvert vægi í meðaltali. Því geta verið töluverðar sveiflur milli árganga, meiri en ef um fleiri nemendur væri að ræða. Í töflunni hér að neðan er meðaltalseinkunn raðeinkunnar. Þar sem raðeinkunn er normaldreifð einkunn er landsmeðaltal alltaf 50. Þar sem færri en 10 nemendur í 10. bekk þreyttu prófin verða niðurstöður þeirra ekki birtar.

	4. bekkur	7. bekkur
Stæ	54,22	34,56
Ísl	59.00	34,35

Árangur 4. bekkar má teljast afar góður. Í 7. bekk hefðum við viljað sjá betri niðurstöður. Áfram verður unnið að því markmið að bæta árangur nemenda skólans með ýmsum leiðum.

Skólapúlsinn—helstu niðurstöður fyrirlagnar í október



Á hverju ári er Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í grunnskólum Akureyrar og víðsvegar á landinu. Skólapúlsinn hefur því hlutverki að gegna að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu.

Allir nemendur í 6.—10. bekk Oddeyrarskóla svara könnuninni á hverju ári, helmingur nemenda í október og hinn helmingurinn í febrúar. Niðurstöður úr mælingum Skólapúlsins frá því í október liggja nú fyrir. Niðurstöður birtast sem frávík frá landsmeðaltali. Langflestir þeirra þátta sem mældir eru koma út á svipaðan hátt og hjá öðrum skólum á landinu. Tveir þættir eru hins vegar nokkuð frábrugðnir landsmeðaltali. Það jákvæða er að nemendur Oddeyrarskóla eru líklegri en nemendur annarra skóla til meta það svo að þeir séu virkir þátttakendur í námi sínu. Það neikvæða er hins vegar að nemendur skólans telja vinnufrið minni en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Við erum byrjuð að rýna í niðurstöður og nýta þær til að bæta skólastarfið.

Nú styttest í könnun sem lögð verður fyrir foreldra í byrjun febrúar. Fljótlega fá foreldrar sent kynningarbréf frá Skólapúlsinum. Mikilvægt er að svara könnuninni sem allra fyrst eftir að hún hefur verið send út til að spara vinnu við eftirfylgni. Ef foreldrar kjósa að taka ekki þátt í könnuninni er mikilvægt að þeir láti skólann vita áður en könnunin verður send út.

